

Mánudaginn 3. maí 1976.

Nr. 107/1974. **Guðrún Ágústa Ellingsen**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Lögtak. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Gísli Símonarson, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hið áfrýjaða lögtak.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1974. Krefst hún þess, að hið áfrýjaða lögtak verði úr gildi fellt og stefnda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur gert þá kröfu, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla. Hann hefur ekki haft uppi sérstakar dómkröfur vegna kröfugerðar áfrýjanda um, að lögtakið verði úr gildi fellt. Telur hann, að hvorki sé efni til að staðfesta lögtakið né fella það úr gildi, þar sem lögtakskrafan hafi verið greidd og lögtakið sé því niður fallið.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Hinn 15. maí 1974 var að kröfu stefnda gert lögtak í eignarhluta áfrýjanda í húsinu Víðimel 62 til tryggingar vangoldnum opinberum gjöldum, sem talin voru nema 241.195 krónum auk dráttarvaxta, kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Hér fyrir dómi byggir áfrýjandi kröfur sínar á því, að lögtaksgerðin sé haldin formgöllum, sem varða eigi ógildingu hennar. Þá sé gert lögtak til tryggingar sömu gjöldum, sem áður hafi verið gert lögtak til tryggingar fyrir í sömu eign, en slíkt sé óheimilt.

Samkvæmt óvefengdri skýrslu stefnda greiddi áfrýjandi á tímabilinu frá 5. júní 1974 til 3. febrúar 1976 skuld sína að

fullu án nokkurs fyrirvara. Kostnaðar við lögtakið hefur stefndi ekki krafist og lýst því yfir, að hans muni ekki verða krafist.

Með greiðslum þessum hefur lögtakið verið leyst af eign þeirri, sem það var gert í, sbr. 10. gr. laga nr. 29/1885. Krafa áfrýjanda um, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi, samþýðist ekki hinni fyrirvaralausú greiðslu hans á lögtakskröfunni. Verður þeirri kröfu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

D ó m s o r ð :

Framangreindri kröfu áfrýjanda, Guðrúnar Ágústu Ellingsens, er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 15. maí 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 15. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Víðimel 63 og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Gísla Símonarsyni með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Guðrúnu Ágústu Ellingsen fyrir opinberum gjöldum samkvæmt gjaldheimtuseðli nr. 3236-5140 1973, kr. 241.295, samtals kr. 241.295, auk dráttarvaxta kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram beiðni um lögtakið ásamt gjaldseðlum, þingmerktum nr. 1—2. Nr. 1—2 fylgja með í ljósriti.

Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur í dagblöðunum.

Af hálfu gerðarþola er mætt í réttinum að tilhlutan fógetans Erna Ellingsen, og skoraði fógeti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mættu að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mættu að segja satt og að það varði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá skrifað upp: Eignarhluti gerðarþola, 2. hæð í húsinu Víðimel 62.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindri eign gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum auk drátt-

arvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Fleira ekki tekið fyrir.

Gerðinni lokið.

Föstudaginn 7. maí 1976.

Nr. 16/1975. **Hlökkver Örn Vilhjálmsson og Gunnar Fjeldsted**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Gunnari Júlíussyni

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einasson og Þór Vilhjálmsson.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm 5. þ. m., var þess krafist af hálfu áfrýjenda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var fallist á kröfu áfrýjenda um hafningu málsins, en krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Stefndi hefur fimm sinnum látið sækja dómþing í málinu. Verða áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 20.000 krónur.